

**41. fundur Menningar- og safnanefndar, haldinn í fundarherbergi 1. hæð,
Stillholti 16-18,
16. maí 2017 og hófst hann kl. 17:00**

Fundinn sátu:

Ingbór B. Þórhallsson formaður, Guðmundur Claxton aðalmaður, Guðrífður Sigurjónsdóttir aðalmaður, Helga Kristín Björgólfsdóttir aðalmaður, Hörður Ó. Helgason varamaður og Ella María Gunnarsdóttir forstöðumaður menningar- og safnamála.

Fundargerð ritaði: Ella María Gunnarsdóttir, forstöðumaður.

Fyrir tekið:

1. 1511348 - Útilistaverk við strönd

Forstöðumaður kynnir erindi frá tveimur listakönum.

Nefndin tekur jákvætt í erindið. Forstöðumanni falið að svara listakönunum í samræmi við umræður á fundinum.

2. 1705104 - Listaverk á vegg Sementsverksmiðjunnar

Forstöðumaður kynnir erindi listamanns.

Nefndin tekur mjög vel í erindið og forstöðumanni er falið að leggja til við bæjarráð að erindið verði samþykkt.

3. 1704132 - Kostnaður vegna frágangs skjala stofnanna - Héraðsskjalasafn

Forstöðumaður kynnir tillögu um gjaldtöku fyrir frágang og skráningu skjala skilaskyldra stofnanna Akraneskaupstaðar til Héraðsskjalasafns.

Nefndin samþykkir tillögu þannig að gjaldinu verði bætt við gjaldskrá Héraðsskjalasafns og stuðst við gjaldskrá Þjóðskjalasafns Íslands. Skýrt verði tekið fram að gjaldið eigi einungis við um skilaskyldar stofnanir Akraneskaupstaðar.

4. 1704131 - Bæjarlistamaður Akraness 2017

Forstöðumaður leggur fram lista yfir tillögur um bæjarlistamann 2017.

Forstöðumanni falið að koma tillögu nefndarinnar ásamt rökstuðningi til bæjarstjórnar.

5. 1703214 - 17. júní 2017

Forstöðumaður leggur fram drög að dagskrá.

Forstöðumaður lagði fram drög að dagskrá og er falið að vinna áfram að málinu. Ræddar voru hugmyndir um mögulega fjallkonu og ræðumann dagsins.

6. 1703036 - Írskir dagar 2017

Forstöðumaður leggur fram drög að dagskrá.


EMG 27

Forstöðumaður lagði fram drög að dagskrá og leggur til að ekki verði ráðinn sérstakur verkefnastjóri þetta árið. Nefndin lagði áherslu á að atriði á vegum kaupstaðarins verði frekar færri og veglegri.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:00.

Helga Kristín Björgólfsson
Hönnuð Helguson
Guðrún Scaresen
Guðrun Scaresen
Zelfur Þ. Þórhallur
Elle María Gunnarsdóttir